

L Ö G

um niðurfærslu vöruverðs og verðbótavísitölu í september 1978.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Nú er ákveðin aukin niðurgreiðsla vöruverðs eða lækkun óbeinna skatta á því greiðslutímabili verðbóta, er hófst 1. september 1978, og skal þá Kauplagnesnefnd reikna nýja verðbótavísitölu í samræmi við ákvæði kjarasamninga, er taki gildi þann dag, er aukin niðurgreiðsla eða lækkun óbeinna skatta kemur til framkvæmda, og gildir til loka greiðslutímabilsins. Verðbótavísitala þessi skal miðuð við smásöluverð á viðkomandi vöru eða vörum í ágústbyrjun 1978 að frádreginni þeirri verðlækkun, er niðurgreiðsluaukningin eða skattalækkunin veldur, og það eins þótt vöruverð hafi hækkað af öðrum ástæðum síðan í ágústbyrjun 1978.

Endanleg reikningsskil fyrirfram greiddra septemberlauna 1978, vegna breyttrar verðbótavísitölu, skulu fara fram um leið og næsta greiðsla mánaðarlauna á sér stað.

Eftir á greidd laun fyrir vinnu fyrstu daga septembermánaðar fram að gildistöku nýrrar verðbótavísitölu í september 1978, shr. 1. mgr., skulu til bráðabirgða greiðast samkvæmt launakjörum, er giltu í ágúst 1978. Endanlegt uppgjör þessarar eftirlaunagreiðslu skal fara fram svo skjótt sem við verður komið, og eigi síðar en í septemberlok 1978.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 8 frá 27. febr. 1976, um flugvallagjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal sérstakt gjald, flugvallagjald, er renni til ríkissjóðs, vegna hvers manns sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa. Frá og með 1. janúar 1980 skal tekjum af gjaldi þessu varið til eflingar flugmála.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Flugvallagjald skal vera 5 500 kr. fyrir hvern farþega, sem ferðast frá Íslandi til annarra landa, þó 2 750 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Um ferðir til Færeyja og Grænlands gilda þó ákvæði 3. gr.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Flugfélög þau, sem annast flutning farþega innanlands eða til Færeyja og Grænlands, skulu greiða í ríkissjóð gjald, er nemi 400 kr. á hvern farþega, er ferðast á þeim leiðum og eldri er en 12 ára. Fyrir farþega á aldrinum 2—12 ára skal greiða hálfgt gjald. Fyrir farþega yngri en tveggja ára skal ekkert gjald greiða. Einungis skal greitt eitt gjald þó millilént sé milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar vegna flugáætlunar og hún varir ekki lengur en sex klukkustundir. Heimilt er að hækka verð farmiða sem gjaldinu nemur. Sé sú heimild notuð skal sú hækkun ósérgreind í verði miðans.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Tómas Árnason.

L Ö G

um biðlaun alþingismanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Alþingismaður, sem setið hefur á Alþingi eitt kjörtímabil eða lengur, á rétt á biðlaunum er hann hættir þingmennsku. Biðlaun skal greiða í þrjá mánuði eftir eins kjörtímabils þingsetu, en í sex mánuði eftir þingsetu í 10 ár eða lengur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda þau einnig um þá sem létu af þingmennsku við síðustu alþingiskosningar.

Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.